

1. fulltrúaráðsfundur LUF kjörtímabilið 2019-2020

26. mars 2019, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

Mætt eru: JCI: Fanney Þórisdóttir, UVG: Ólína Lind Sigurðardóttir, UP: Sigmundur Þórir Jónsson, SUF: Unnur Benediksdóttir, Uppreisn: Starri Reynisson, UJ: Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, **Fulltrúar stjórnar:** Varaformaður: Geir Finnsson (GF), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), ritari: Inger Erla Thomsen (IET), alþjóðafulltrúi: Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Enar Kornelius Leferink (EKL) og framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn (TI).

Fundarstjóri: Geir Finnsson, formaður fulltrúaráðs

Fundur settur: 18:40

Dagskrá:

- Drög að dagskrá 1. fulltrúaráðsfundar:** GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að dagskráin byggist á fastri dagskrá skv. [nýbreyttum lögum LUF](#) (sjá 20. gr.)
Til umræðu og samþykktar: GF gefur færi á athugasemdum við dagskrá. SÞF biður um orðið og leggur fram breytingatillögur þess efnis að kosning í alþjóðanefnd verði frestað til næsta fulltrúaráðsfundar. Tillaga SÞF var samþykkt einróma. GF ber upp dagskrána í heild til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.
- Framkvæmdaáætlun 2019-2020:** Í fjarveru UH vegna „European Youth Conference“ í Rúmeníu kynnir GF framkvæmdaáætlun.
Til umræðu og samþykktar: GF opnar fyrir umræðu, engar athugasemdir bárust. GF ber framkvæmdaáætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.
- Rekstraráætlun 2019:** GF býður MÖÓ í pontu til að kynna rekstraráætlun.
Til umræðu og samþykktar: GF opnar fyrir umræðu, engar athugasemdir bárust. GF ber rekstraráætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.
- Alþjóðamál:** GF kynnir SÞF í pontu sem upplýsir ráðið um viðburði á döfinni.
 - Ráðgjafaráð Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe - AC): Rut Einarsdóttir málefnafulltrúi LUF hefur tekið við af Laufeyju Maríu Jóhannsdóttur fyrrverandi varaformanni LUF. Í síðustu viku fór Rut til Búdapest til að funda með ráðinu.
 - Gert var grein fyrir „EU Youth Conference“ sem Una Hildardóttir formaður LUF er á, en ráðstefnan er vettvangur fyrir ungt fólk og stjórnmalámennt til að ræða um málaflokka sem snerta ungt fólk, móta stefnu og taka ákvarðanir.
 - „YFJ COMEM (Council of Members of the European Youth Forum)“ eða sambandsþing Evrópska ungmennavettvangsins: IET og SÞF fara.
 - „Det nye Norden“ í Hanaholmen, Helsinki: Viðburður um Evrópu, ESB, stjórnmal og umræður sem tengjast lýðræði og popúlisma á Norðurlöndunum: SÞF kallar eftir fulltrúum úr ráðinu til að taka þátt f.h. LUF.
- Önnur mál:** GF opnar fyrir orðið.
 - Erindi frá UJ:** Spurt er um Formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og aðkomu LUF að henni, TI skýrir að hún sé einungist í gegnum sæti hennar í NORDBUK.
 - Erindi frá JCI:** Vakin er athygli á viðburðinum/herferðinni „Step Up for Europe“.
 - Erindi frá UVG:** Spurt er um aðkomu LUF að frumvarpi um lækkun kosningaaldurs og hún rædd.
 - Erindi frá UP:** Vakin er athygli á félagsfundi um lækkun kosningaaldurs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:50

IET ritaði fundargerð.